



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

STÓFOS
STAKATAK
MÓST
SÓMSTJÓR
RARSJ



15. FEBRÚAR 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð timalengd verka:

Svíta: 20'

Silfurfljót: 17'

Sinfónía: 30'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á Spotify- og Youtube-rásum hljómsveitarinnar.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FM 15 FEB 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

OSMO STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ

Osmo Vänskä
hljómsveitarstjóri

Einar Jóhannesson
einleikari

EFNISSKRÁ

Sergej Prokofiév
Kijé liðsforingi, svíta op. 60 (1933/34)
Fæðing Kijés (Allegro)
Rómansa (Andante)
Brúðkaup Kijés (Allegro fastoso)
Troika (Allegro con brio)
Jarðarför Kijés (Andante assai)

Áskell Másson
Silfurfljót (2014, frumflutningur)

Hlé

Dmítríj Shostakovitsj
Sinfónía nr. 6 í h-moll (1939)
Largo
Allegro
Presto

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en/sinfonia.is



[@OsmoVanska](#)

UM STJÓRNANDANN

Á morgun, föstudag, stjórnar Osmo Vänskä sömu sínfóníu og leikin er hér í kvöld á tónleikum í Norðurljósum sem hefjast kl. 18:00. Tónleikarnir eru í Föstudagsröðinni og bera yfirskriftina Stríð og friður. Ásamt því að halda um tónsprotann leikur Osmo á klarínett í völdum þáttum úr Kvartett fyrir endalok tímans eftir Olivier Messiaen.

OSMO VÄNSKÄ

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Osmo Vänskä stendur á hátindi ferils síns og nýtur sem hljómsveitarstjóri alþjóðlegrar virðingar og viðurkenningar fyrir ástríðufulla og áhrifamikla túlkun sína á verkum hinna ýmsu tímiskeiða og tryggð við upprunalega gerð þeirra. Hann hefur verið tónlistarstjóri Minnesota-hljómsveitarinnar í rúman áratug og unnið marga sigra með henni. Má þar nefna fimm tónleikaferðalög til Evrópu að ógleymdri sögulegri ferð til Kúbu árið 2015 - fyrstu heimsókn bandarískrar sínfóníuhljómsveitar þangað á seinni tímum.

Nafnið Osmo Vänskä hefur um árabíl verið áberandi í heimi hljómdiskaútgáfu. Hann er nú langt kominn með hljóðritanir á öllum sínfóníum Mahlers með Minnesota-hljómsveitinni fyrir BIS-útgáfuna en að baki eru heildarútgáfur á sínfóníum Beethovens og Sibeliusar sem hlotið hafa frábæra dóma og Grammy-verðlaun árið 2014 (Sibelius). Þá hafa upptökur sömu flytjenda á píanókonserntum Beethovens með Yevgeny Subdin vakið heimsathygli og verið m.a. tilnefndar til Grammy- og Gramophone-verðlauna. Af öðrum afrekum Osmos má nefna hljóðritanir hans á verkum Sibeliusar með Lahti-sínfóníuhljómsveitinni fyrir BIS-útgáfuna sem tímaritið Gramophone lýsti sem bestu túlkun síðustu þrjátíu ára.

Osmo Vänskä er reglulegur gestur annarra fremstu hljómsveita austan hafs og vestan. Má þar nefna fílharmóníuhljómsveitirnar í New York og Los Angeles, Cleveland- og Fíladelfíu-hljómsveitirnar, sínfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og San Francisco, Berlínarfílharmóníuna, helstu hljómsveitir Lundúna-borgar, Vínarsínfóníuna, Konunglegu Concertgebouw-hljómsveitina og Gewandhaushljómsveitina í Leipzig.

Vänskä lærði hljómsveitarstjórn í Sibeliusakademíunni í Helsinki og hlaut 1. verðlaun í hljómsveitarstjórakeppninni í Besançon í Frakklandi árið 1982. Hann hóf feril sinn sem klarínettuleikari og var um skeið 1. klarínettuleikari Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Helsinki. Þrátt fyrir miklar annir sem hljómsveitarstjóri, hefur Osmo haldið tryggð við klarínettuna og leikið einleiksverk á tónleikum og á geisladiskum.

Osmo Vänskä er aðalgeststjórnandi og heiðursstjórnandi Sínfóníuhljómsveitar Íslands og heiðursstjórnandi Sínfóníuhljómsveitarinnar í Lahti.



EINAR JÓHANNESSEN

EINLEIKARI

Einar Jóhannesson hefur um árabíl verið áberandi persónuleiki í íslensku tónlistarlífi. Hann er afburða klarínnettuleikari og hefur leikur hans, tækni, tónn og persónuleg túlkun löngum hrifið áheyrndur og hvatt tónskáld til dáða. Mörg af helstu tónskáldum þjóðarinnar hafa skrifað fyrir hann stór verk og smá og meðal þeirra er að finna klarínnettukonserta eftir Jón Nordal, Jón Ásgeirsson, Svein Lúðvík Björnsson, John Speight, Karólínu Eiríksdóttur og nú síðast Áskel Másson. Hefur Áskell þar að auki samið á annan tug verka fyrir klarínnettu - bæði einleiks- og kammerverk, flest þeirra með Einar Jóhannesson í huga.

Einar hefur leikið inn á fjölmarga geisladiska sem einleikari og kammermúsikant. Á nýjustu þremur plötunum er að finna ágætan þverskurð af fjölbreyttu efnisvali Einars. *Music for Clarinet* hefur að geyma verk Áskels Mássonar fyrir klarínnettu eina og í ýmsum hljóðfærasamsetningum, *Exultavit* inniheldur verk fyrir klarínnettu og orgel og á diskinum *Klarínnettukonsertar* leikur Einar verk eftir Mozart, Weber, Debussy og Jón Nordal með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Einar Jóhannesson fæddist í Reykjavík og nam klarínnettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Gunnari Egilson og í The Royal College of Music í London, þar sem kennarar hans voru Bernard Walton og John McCaw. Þar vann hann til hinna virtu Frederick Thurston verðlauna. Árið 1976 vann Einar samkeppni um þáttöku í „Live Music Now“ sem Sir Yehudi Menuhin stofnaði, og hlaut síðar Sonning-verðlaunin fyrir unga norræna einleikara.

Hann er tíður gestur á tónlistarhátíðum víða um heim og hefur leikið fyrir útvarps- og sjónvarpsstöðvar margra landa. Einar hefur frumflutt fjölda verka sem eru sérstaklega skrifuð fyrir hann - jafnt einleikskonserta, kammerverk og verk fyrir einleiksklarínnettu. Einar var 1. klarínnettuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 1980–2012. Hann er stofnfélagi Blásarakvintetts Reykjavíkur sem hefur getið sér gott orð á alþjóðlegum vettvangi og lék með Kammersveit Reykjavíkur um árabíl. Hann er einnig félagi í miðaldasönghópnum Voces Thules.



SERGEI PROKOFIÉV

KIJÉ LIÐSFORINGI

Sergei Prokofiev (1891–1953) var einn sá fyrsti úr hópi frægra tónskálda til að semja tónlist við kvikmyndir. Samdi hann tónlist við einar 8 myndir og eru *Aleksandr Nevsky* (1938) og *Ivan grimmi* (1942–43) þeirra frægastar. Fyrsta myndin var aftur á móti *Kijé liðsforingi* (1933) í leikstjórn Aleksandrs Faintzimmer sem gerist í rússneska keisaraveldinu á fyrri hluta 19. aldar og er ádeila á skrifræði stórveldisins.

Efni kvikmyndarinnar byggir á gamansögu um Nikulás I rússakeisara sem misles skýrslu hernaðarráðgjafa síns með þeim afleiðingum að til verður liðsforingi að nafni Kijé. Auðmjúkar undirtyllurnar þora ekki að benda keisaranum á mistökinn og ákveða að setja þennan óraunverulega hulduhermann á launaskrá hersins. Í framhaldinu gerist síðan margt spaugilegt og fyrir marga verður tilvist liðsforingjans mikil blessun vegna þess að hægt er að kenna honum um allt sem afvega fer í skrifræðisbákninu. Gengur þetta svo langt að Kijé liðsforingi er dæmdur til Síberíuvistar, en er óvænt náðaður af Nikulásí keisara. Þegar keisarinn óskar eftir að fá að kynnast þessum áhugaverða skjólstæðingi sínum er honum sagt að liðsforinginn hafi dáið hetjudauða á vígvellinum. Keisarinn fylgir tómri kistunni síðasta spölinn og harmar missi þjóðar sinnar.

Kvikmyndin er löngu gleymd en tónlist Prokofíevs lifir góðu lífi í fimm kafla svítu sem hann samdi uppúr kvikmynda-tónlistinni árið 1934. Fyrsti kaflinn (*Fæðing Kijés*) hefst á fjarlægju, angurværu trompetstefi en brátt heyrast göngulag sem gefur í skyn framtíð Kijés sem hermans. Í rómönsunni leikur saxófónninn heldur þunglyndislegan ástaróð sem barítónsöngvari syngur í kvikmyndinni. Keisaranum var annnt um að foringjar hans lifðu í vígðri sambúð og lýsir þriðji kaflinn brúðkaupi söguhetjunnar og sá næsti (Troika) sleðaferð brúðhjónanna. Í lokakaflanum heyrast svo kunnugleg stef úr fyrri köflum svítunnar í ýmsum myndum en verkinu lýkur á fyrsta trompetstefinu.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti svítuna um Kijé liðsforingja fyrst á tónleikum í Háskólabíói þann 24. janúar 1963. Stjórnandi var ísraelski hljómsveitarstjórinn Shalom Ronly-Riklis. Næst hljómaði verkið á tvennum barna- og fjölskyldutónleikum á sama stað undir stjórn Páls P. Pálssonar. Fjórði kaflinn, Troika, prýddi svo efnisskrá Tónsprotatónleika hljómsveitarinnar í október 2004 og styrði Rumon Gamba þeim flutningi



ÁSKELL MÁSSON

SILFURFLJÓT

Fyrsta hljóðfæri Áskels Mássonar (f. 1952) var klarínetta sem hann valdi að áeggjan föður síns. Byrjaði hann barnungur að læra á hljóðfærið hjá Gunnari Egilson í Barnamúsíkskólanum og síðar í Hljómskálanum hjá Páli Pamphichler Pálssyni.

Áskell samdi sitt fyrsta hljómsveitarverk þegar hann var um 23 ára gamall og gaf því titilinn *Hugbrif*. Hann umskrifaði þó verkið skömmu eftir það og samdi klarínettukonsert sinn uppúr því tónefni sem hann hafði unnið með í *Hugbrif*. Þessi fyrsti klarínettukonsert Áskels varð verðlaunaverk tónskálda innan þrítugs, þegar það var kynnt á Rostrum-tónskáldapínginu í París árið 1980. Höfðu verðlaunin mikil áhrif á framhald ferils hans sem sinfóníks tónskálds.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Silfurfljót er þrettándi einleiks-konsert Áskels Mássonar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur á tónleikum.

Fyrst hljómaði fyrsti klarínettukonsert Áskels í Háskólabíói í nóvember 1981 og stóð Einar Jóhannesson á einleikarapallinum líkt og í kvöld. Síðan þá hafa konsertar fyrir litla trommu, víólukonsert, píanókonsert, básúukonsert (Canto Nordico), marimbu-konsert, fiðlukonsert, horn-konsert, flautukonsert og þrjár slagverkskonsertar hljómaði á tónleikum hljómsveitarinnar í Háskólabíói eða í Eldborgarsal Hörpu.

Hefur Áskell allan sinn feril skrifað reglulega músík fyrir klarínettu en eftir hann liggja hátt á annan tug einleiks- og kammverka fyrir hljóðfærið. Einar Jóhannesson, sem einnig lærði ungur hjá Gunnari Egilson, hefur í marga áratugi orðið nokkurs konar rödd Áskels á hljóðfærið.

Verkalisti Áskels telur nú yfir 200 tónverk í nánast öllum formum. Verk hans heyrast reglulega í virtustu tónleikahúsum heims í flutningi nafntogaðra hljómsveita, einleikara og stjórnenda. Fílharmóníusveitin í New York, slagverks-snillingurinn Evelyn Glennie og hljómsveitarstjórnin Ivan Fisher, sem hér var í heimsókn fyrir skemmstu með hljómsveit sinni Budapest Festival Orchestra, eru stök dæmi um listamenn sem flutt hafa tónlist hans.

Nýi konsertin, *Silfurfljót*, sem frumfluttur er hér í kvöld, leit loks dagsins ljós á árinu 2014, en verkið var skrifað á um það bil sex vikum, eftir margra ára undirbúning. Liðu rúmlega tveir áratugir frá því að verkið bar fyrst á góma milli Áskels og Einars þar til það lá fyrir, fullbúið.

Ólíkt fyrri konsertinum, sem kannaði flestar hliðar nútímataækni á hljóðfærið, þá er hér í þeim síðari lögð áhersla á hefðbundna tækni. *Silfurfljót* er í einum þætti og skírskotar titillinn fremur til heildarhljómbæs verksins en sérstaks náttúrufyrirbrigðis.



DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ

SINFÓNÍA NR. 6

Þann 20. nóvember 1938 birtist stutt grein í blaðinu *Hin sovéska list* sem bar yfirskriftina „Sinfónía í minningu Leníns“. Þar tilkynnti Dmítríj Shostakovitsj (1906–1975) um væntanlega sinfóníu sína, fjögurra þátta verk fyrir hljómsveit, kór og einsöngvara við texta eftir Majakowskíj, Dshambul og Stalski. Stuttu seinna var komið annað hljóð í strokkinn og tónskáldið sagði að nýja sinfónían yrði hreint hljómsveitarverk án nokkurra skírskotana.

Sinfóníuna samdi Shostakovitsj á tímabilinu apríl til október 1939 og var hún frumflutt af Leningrad-fílharmoníunni (í dag St. Pétursborgar-fílharmonían) undir stjórn Évgénis Mravinskíj í nóvember sama ár. Hinn almenni tónleikagestur tók sinfóníunni fagnandi en viðbrögð gagnrýnenda voru fremur neikvæð. Óvenjuleg uppbygging verksins - langur og þungbúinn fyrsti kafli og tveir stuttir ærslafullir þættir - var dæmd ruglingsleg og úr jafnvægi. „Þetta er höfuðlaus sinfónía“ sagði krítíkin sem saknaði hefðbundins fyrsta kafla sönötuformsins.

Líklegt er að Shostakovitsj hafi í upphafskafla sinfóníunnar notað efni úr hinna ráðgerðu minningarsinfóníu um Lenín. Allt yfirbragð kaflans er harmrænt og tónmálið yfirmáta kraftmikið og tilfinningaþrungnið. Þá er tónsvið hljómsveitarinnar þanið til hins ýtrasta sem og tónstyrkurinn. Er við hlustun nærtækt að ímynda sér sorgarathöfn þar sem margir taka til máls og mæla fram minningarorð.

Síðari kaflarnir tveir eru í öllu alger andstaða við fyrsta kaflann. Glettan, í þrískiptum takti, þeysist óþreyjufull áfram frá byrjun til enda og gerir í glæsilegum rithætti tónskáldsins miklar kröfur til færni allra hljóðfæraleikara hljómsveitarinnar. Í upphafi lokabáttarins heldur fjörið áfram og er aðalstef hans eins konar dansandi galopp à la Rossini. Stemningin breytist skyndilega þegar nýtt tónefni tekur yfirhöndina og magnast smám saman upp í óvæntan hápunkt. Fagott og sólófiðlan fara svo fremst í flokki við að brúa bilið yfir í freyðandi upphafsstef kaflans sem endar með miklum gleðilátum.

Sigurður Ingvi Snorrason

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sjötta sinfónía Dmítríj Shostakovitsj hefur aðeins tvisvar áður heyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Japanski hljómsveitarstjórinn Takuo Yuasa reið á vaðið og stjórnaði flutningi Hljómsveitarinnar á verkinu í Háskólabíói í marsbyrjun 1993. Í síðara skiptið hljómaði verkið á áskriftartónleikum í janúar 2005 og var flutningurinn hluti af Shostakovitsj-hringnum þar sem hljómsveitin flutti allar fimmtán sinfóníur tónskáldsins í tilefni 100 ára fæðingarafmælis hans. Stjórnandi í öll skiptin var þáverandi aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar Rumon Gamba, enda var Shostakovitsj-hringurinn hugarfóstur hans.

Á DÖFINNI

FEB 16 FEB 18:00



©Lisa Marie Mazzucco

FÖSTUDAGSRÖÐIN Í NORDULJÓSUM STRÍÐ OG FRÍÐUR

Á árum heimsstyrjaldarinnar síðari varð til ógrynni tónlistar sem með einum eða öðrum hætti tjáir þær ógnir sem blöstu við. Hér hljóma verk eftir tónskáld frá þremur löndum – Tékklandi, Frakklandi og Sovétríkjunum – sem öll kynntust hildarleiknum á sinn hátt. Gideon Klein var gyðingaættar og samdi meistaralegt strengjatrió sitt í fangabúðum nasista árið 1944. Olivier Messiaen barðist fyrir Frakkland í styrjöldinni og var um skeið stríðsfangi nasista. Í fangabúðunum fékk hann leyfi til að semja tónlist og þar varð til eitt mesta kammerverk 20. aldar, *Kvartett fyrir endalok tímans*. Tónleikunum lýkur á sínfóníu nr. 6 eftir Shostakovitsj. Hljómsveitarstjóri er Osmo Vänskä.

SUN 18 MAR 19:30

GESTAHLJÓMSVEIT GAUTABORGARSINFÓNÍAN Á ÍSLANDI

Sínfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Gautaborg í apríl síðastliðnum við dágóðar undirtektir. Nú er komið að Gautaborgarsínfóníunni að endurgjalda greiðann og leika fyrir Íslendinga. Einleikari er hin franska Héléne Grimaud sem hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu píanista heims. Hún hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og hlotið öll helstu verðlaun klassíska tónlistarheimsins. Á tónleikunum leikur Grimaud hinn undurfagra píanókonsert nr. 4 eftir Beethoven en einnig hljóma tvö meistarverk frá því um aldamótin 1900, valsaskotin svíta úr óperunni *Der Rosenkavalier* eftir Strauss og glæsileg frumraun Sibeliusar í sínfóníusmiðum.

Hljómsveitarstjóri er hinn finnski Santtu-Matias Rouvali, einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims um þessar mundir. Hann hefur tvívegis stjórnað Sínfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri en hann tók við stöðu aðalstjórnanda Sínfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg haustið 2017.

Áskrifendur Sínfóníuhljómsveitar Íslands geta tryggt sér miða á tónleikana sem viðbót við áskriftarraðir sínar á hefðbundnu áskriftarverði.



©Mat Hennek

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

15. FEBRÚAR 2018

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Jensdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pascal La Rosa
Pálína Árnadóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Martin Frewer

2. FIÐLA

Vera Panitch
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Mark Reedman
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Margrét Hjaltested
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Timofey Matveev
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Hyeri Yoon
Martial Nardeau

ÓBÓ

Martin Danek
Daniel Bogorad
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Ármann Helgason
Baldvin Tryggvason

SAXÓFÓN

Sigurður Flosason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Felix Schwamm

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Johan Wahlgren

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Baldvin Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Valgerður Andrésdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



Hallfríður: Það að kynnast aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

Þórarinn: Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt áfúsgestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lífsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigra heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sínfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA